

Skipulagsnefnd Garðabæjar

Garðatorgi 7

210 Garðabæ

Dags; 21.mars 2016

Efni; Akrabraut 1 – breyting á legu byggingareits

Vinsamlegast veitið móttöku á teikningum sem sýna tillögu að breyttri legu byggingareits á lóðinni Akrabraut 1. Áformað er að reisa á lóðinni húsnæði fyrir matvöruverslun og þjónustu.

Byggingareitur er færður að hluta, til suðurs um 5,0m, en jafnframt stytur frá vestri um 14,0m samanber skýringamynd. Jafnframt er óskað eftir hemild til að reisa skjólveggi austan megin á lóð, hámarkshæð þeirra verður 2,2m, er það gert til að afskerma baksvæði verslunar. Hæð og lögun húss helst óbreytt frá núgildandi deiliskipulagi, i.e. veggja- og þakhæð.

Á svæði milli húss og lóðarmarka verður settur gróður til að minnka áhrif húss á nánasta umhverfi til suðurs. Það mætti jafnframt skoða hvort ekki megi sameina yfirborðsfrágang sunnan megin milli húss og lóðarmarka og lóðarmarka og að stétt sem er á bæjarlandi. Það yrði þá unnið í samvinnu milli lóðarhafa og Garðabæjar.

Byggingamagn er minnkað á lóðinni sem gefur breytta ásýnd þegar horft er frá íbúðarhúsum sunnan við lóðina, meira er um opnun til norðurs og eins er aflögð akstursleið sunnan megin við núverandi byggingareit sem kæmi til greina m.v. núverandi fyrirkomulag. Aðkoma bíla við vörumóttöku verður því eingöngu að austan og norðan verðu.

Erindinu fylgir mæliblað og afrit af gildandi deiliskipulagi.

Virðingafyllst

G.Oddur Víðisson arkitekt FAÍ